



Til bæjarráðs

Kópavogi, 14. október 2025
25092832/005.05 ABS**Upplýsingar um framlög til íslenskukennslu ÍSAT nemenda og notkun framlaganna.**

Á fundi bæjarráðs dags 23. september var lögð fram fyrirspurn um framlög til íslenskukennslu ÍSAT nemenda og notkun framlaganna.

Samkvæmt nýjustu ársskýrslu um skólaþjónustu féllu 69% þeirra barna sem tóku svokallað millimálapróf. Prófið greinir hvort ÍSAT nemendur (börn af erlendum uppruna) skilji nægilega mikið í Íslensku til að geta tekið þátt í almennri kennslu. Aldrei frá því að byrjað var að leggja prófið fyrir þennan hóp árið 2021 hafa jafn mörg börn fallið á prófinu. Þetta gerist þrátt fyrir aukið fjármagn til málaflokksins. Óskað er eftir upplýsingum um hvernig fjármagn til málaflokksins skiptist á milli skóla og hvernig því var ráðstafað. Einnig hversu margir ÍSAT kennarar voru síðasta skólaár starfandi í hverjum skóla og hversu margar kennslustundir hver nemandi fékk í Íslensku fyrir ÍSAT nemendur.

*Bergljót Kristinsdóttir**Helga Jónsdóttir**Sigurbjörg Erla Egilsdóttir**Theódóra S. Þorsteinsdóttir***1. Hvernig skiptist fjármagn til ÍSAT málaflokksins á milli skóla?**

Úthlutun miðað við punktstöðu mars 2025						
mar.25	Fjöldi allra ÍSAT nemenda	Fjöldi ÍSAT nemenda skemur en 4 ár	Fjöldi ÍSAT nemenda lengur en 4 ár	kest. úthl. á nem skemur en 4 ár.	Úthlutun kest. á viku vegna umsjónar og utanumhalds	Samtals
Álfhólsskóli	179	58	121	99	35,8	134,8
Barnask Kársnes	33	11	22	20	6,6	26,6
Hörðuvalla	66	23	43	65,8	13,2	79
Kársnesskóli	64	14	50	38	12,8	50,8
Kópavogs	85	52	33	87	17	104
Kóraskóli	17	11	6	16	3,4	19,4
Lindaskóli	60	27	33	44	12	56
Salaskóli	42	11	31	30	8,4	38,4
Smáraskóli	99	20	79	40	19,8	59,8
Snælandsskóli	103	11	92	35	20,6	55,6
Vatnsendaskóli	47	18	29	35	9,4	44,4
	795	256	539	509,8	159	668,8



Úthlutun hefur breyst frá því í vor vegna breytinga á samsetningu og fjölda nemenda í haust. Nemendum með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn hefur fjölgað og samsetningin hefur breyst þannig að fleiri nemendur en áður hafa verið 4 ár og lengur á Íslandi og úthlutun breytist því til lækkunar í samræmi við það. Á yfirstandandi skólaári lækkar úthlutun hjá 7 skólum og hækkar hjá 4 skólum.

1.okt.25	Fjöldi allra ÍSAT nemenda	Fjöldi ÍSAT nemenda skemur en 4 ár	Fjöldi ÍSAT nemenda lengur en 4 ár	kest. úthl. á nem skemur en 4 ár.	Úthlutun kest. á viku vegna umsýðunar og utanumhalds	Samtals
Álfhólsskóli	201	74	127	114	40,2	154,2
Barnaskóli Kársness	29	9	20	12	5,8	18
Hörðuvallaskóli	61	17	44	29	12,2	41
Kársnesskóli	53	11	42	24	10,6	35
Kópavogsskóli	166	72	94	118	23,6	141,6
Kóraskóli	19	5	14	11	2,8	13,8
Lindaskóli	58	31	27	48	11,6	59,6
Salaskóli	33	26	7	21	6,6	27,6
Smáraskóli	90	21	69	39	18	57
Snælandsskóli	111	17	94	43	22,2	65,2
Vatnsendaskóli	41	15	26	33	8,2	41
	862	298	564	492	93,4	547,4

Hvernig var fjármagni ráðstafað af hálfu skóla?

Hver og einn skóli hefur yfir að ráða sérstökum ÍSAT kennurum sem sinna kennslu nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn og ráðstafar fjármagninu í samræmi við úthlutunarlíkan sem unnið er út frá viðmiðunarstundaskrá Aðalnámskrár grunnskóla, sjá neðar.

Hversu margir ÍSAT kennarar voru síðasta skólaár starfandi í hverjum skóla?

Í Kópavogi eru samtals um 30 ÍSAT kennarar. Fjöldi í hverjum grunnskóla fer eftir fjölda nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn í viðkomandi skóla. Hér að neðan má sjá fjölda ÍSAT kennara í hverjum grunnskóla.

- Álfhólsskóli: 7 ÍSAT kennarar
- Barnaskóli Kársness: 1 ÍSAT kennari
- Hörðuvallaskóli: 3 ÍSAT kennarar
- Kársnesskóli: 2 ÍSAT kennarar
- Kópavogsskóli: 5 ÍSAT kennarar
- Kóraskóli: 3 ÍSAT kennarar



Lindaskóli: 1 ÍSAT kennari
Salaskóli: 1 ÍSAT kennari
Smáraskóli: 3 ÍSAT kennarar
Snælandsskóli: 2 ÍSAT kennarar
Vatnsendaskóli: 2 ÍSAT kennarar

Hversu margar kennslustundir fékk hver ÍSAT nemandi í íslensku sem öðru tungumáli?

Úthlutað er kennslustundum eftir viðmiðunarstundarskrá ÍSAT í Aðalnámskrá grunnskóla.

Miðað er við að 5 nemendur séu í kennsluhópi þegar þeir eru á forstigi og fyrsta stigi og miðað er við að 7 nemendur séu í hópi þegar þeir eru á öðru stigi og þriðja stigi.

Nýtt úthlutunarlíkan var tekið í notkun í grunnskólum Kópavogs árið 2022. Samkvæmt því er gert ráð fyrir að ef nemendur nái ákveðnum tímafjölda í 4 ár í íslensku sem öðru máli, þá ættu þeir að vera nánast komnir á getustig 3 eftir fjögurra ára nám í ÍSAT og í framhaldi af því ættu þeir flestir að geta tekið þátt í íslenskum kennslustundum án íhlutunar, þ.e. án þess að fá sérstaka kennslu í íslensku sem öðru máli.

Skólastig	Getustig	Kennslustundir
Yngsta	Forstig	8
	1. stig	5
	2. stig	4
	3. stig	3
Mið	Forstig	11
	1. stig	8
	2. stig	5
	3. stig	3
Elsta	Forstig	11
	1. stig	8
	2. stig	5
	3. stig	3



Með lærdómssamfélagi ÍSAT kennara sem hittast mánaðarlega hefur verið lagður grunnur að mun betra verklagi í ÍSAT kennslu í grunnskólum Kópavogs. Lærdómssamfélagið veitir góðan stuðning við kennsluhætti og verkefni ÍSAT kennara og styrkir fagleg vinnubrögð í grunnskólum gagnvart þessum nemendum. ÍSAT kennurum hefur jafnframt fjölgað verulega í grunnskólum Kópavogs á undanförunum árum sem er afar jákvæð þróun þó enn séu kennarar að tileinka sér þekkingu og reynslu í verkefninu.

MMS (Miðstöð menntunar og skólaþjónustu, áður Námsgagnastofnun) hefur ekki náð að svara eftirspurn eftir námsefni til ÍSAT kennslu með auknum fjölda nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í skólum landsins. Vöntun á námsefni hefur gert skólum erfitt fyrir við kennslu þessa hóps og staðið framförum nemenda fyrir þrifum.

Tekið skal fram að mælingar milli mála prófs eru ekki heppilegar til samanburðar milli ára þar sem ekki er um sömu nemendahópa að ræða milli ára, þ.e. samsetning nemendahópa breytist milli ára. Prófið mælir því aðeins stöðuna á hverjum tíma. Milli mála prófið hefur jafnframt fengið ákveðna gagnrýni fyrir að það sé orðið úrelt fyrir nemendur í dag þar sem mikil breyting hafi átt sér stað á undanförunum árum í tungumálakunnáttu íslenskra nemenda. Því eru bundnar vonir við að próf sem eru væntanleg frá MMS haustið 2026 muni hjálpa til við mat á stöðu nemenda í íslensku sem öðru máli samkvæmt getustigunum forstigi, 1. stigi, 2. stigi, 3. stigi.

Eitt af þeim verkefnum sem menntasvið er að undirbúa í dag, til að styrkja enn frekar ÍSAT kennslu í grunnskólum, er að skoða leiðir til að styrkja móttöku nýrra nemenda með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn í þeim tilgangi að ná betur utan um þarfir þeirra á fyrstu stigum íslenskukennslu.

Virðingarfyllt,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Ingibjörg Ýr Pálmadóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar

